KYNNING Á REKSTRARNIÐURSTÖÐUM 2015


12. febrúar 2016



Helstu niðurstöður 4F 2015

Samanborið við 4F 2014


- Heildarhagnaður tímabilsins var **851 m.kr.** og hagnaður á hlut var **1,17 kr.** *(4F 2014: 533 m.kr. og 0,72 kr.)*
- Hagnaður fyrir skatta var **1.011 m.kr.** *(4F 2014: 685 m.kr.)*
- Framlegð af vátryggingastarfsemi var neikvæð um **218 m.kr.** *(4F 2014: -215 m.kr.)*
- Fjárfestingatekjur voru **1.287 m.kr.** *(4F 2014: 896 m.kr.)* og ávöxtun fjárfestingaeigna var **4,9%** *(4F 2014: 3,4%)*
- Samsett hlutfall var **106,8%** *(4F 2014: 107,6%)*
- Bókfærð iðgjöld jukust um **29,7%** á milli ára
- Eigin iðgjöld jukust um **12,7%** á milli ára
- Eigin tjón hækkuðu um **12,7%** á milli ára
- Rekstrarkostnaður hækkaði um **13,4%** á milli ára
- Arðsemi eigin fjár **var 31,3%** á ársgrundvelli *(4F 2014: 16,3%)*



Helstu niðurstöður 2015

Samanborið við 2014

- Heildarhagnaður tímabilsins var **2.827 m.kr.** og hagnaður á hlut var **3,84 kr.** *(2014: 2.074 m.kr. og 2,75 kr.)*
- Hagnaður fyrir skatta var **3.167 m.kr.** *(2014: 2.417 m.kr.)*
- Framlegð af vátryggingastarfsemi var neikvæð um **416 m.kr.** *(2014: jákvæð um 117 m.kr.)*
- Fjárfestingatekjur voru **4.061 m.kr.** *(2014: 2.615 m.kr.)* og ávöxtun fjárfestingaeigna var **15,4%** *(2014: 10,3%)*
- Samsett hlutfall var **103,3%** *(2014: 99,0%)*
- Bókfærð iðgjöld jukust um **11,0%** á milli ára
- Eigin iðgjöld jukust um **11,8%** á milli ára
- Eigin tjón hækkuðu um **19,2%** á milli ára
- Rekstrarkostnaður hækkaði um **7,8%** á milli ára
- Arðsemi eigin fjár **var 24,2%** *(2014: 15,3%)*



Rekstrarreikningur samstæðu


Tekjur (m.kr.)

	4F 2015	4F 2014	2015	2014
Eigin iðgjöld	3.203	2.841	12.635	11.305
Fjárfestingatekjur	1.287	896	4.061	2.615
Aðrar tekjur	15	52	44	82
Heildartekjur	**4.506**	**3.789**	**16.741**	**14.002**


Gjöld (m.kr.)

	4F 2015	4F 2014	2015	2014
Eigin tjónakostnaður	(2.723)	(2.416)	(10.318)	(8.654)
Annar kostnaður	(772)	(687)	(3.256)	(2.931)
Heildargjöld	(3.495)	(3.103)	(13.573)	(11.585)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.011	685	3.167	2.417
Tekjuskattur	(160)	(152)	(340)	(342)
Heildarhagnaður tímabilsins	**851**	**533**	**2.827**	**2.074**


Samsett hlutfall



Ávöxtun fjárfestingaeigna




Jafnvægi í vexti iðgjalda og tjóna á 4F 2015




- Meðaliðgjöld fara hækkandi
- Tjónshlutfall á 4F 2015 jafnt og á fyrra ári
- Mikil árstíðasveifla í tjónum á árinu

Afkoma vátryggingagreina



Afkoma af fjárfestingastarfsemi félagsins var mjög góð á fjórðungnum


m.kr.



- Ávöxtun fjáreigna var 4,9% á 4F
- Hlutabréf og hlutabréfasjóðir skiluðu 9,8% ávöxtun á 4F
- Endurmat óskráðra hlutabréfa nam tæpum 400 m.kr. á 4F. Endurmat á SF V skýrir stærstan hluta þess eða um 286 m.kr.
- Óskráð hlutabréf skiluðu 29,7% ávöxtun á árinu eða tæpum 1 ma.kr. SF V (286 m.kr.), HSV eignarhaldsfélag (241 m.kr.) og Eyrir Invest (207 m.kr.) skýra 74% af afkomunni
- Góð afkoma annarra verðbréfa skýrist af hækkunum á innlendum hlutabréfum og fasteignasjóðum

Ávöxtun fjáreigna á árinu var mjög góð, en þó aðeins lakari en samanburðarvísitölur*

%; ávöxtun




- Ávöxtun fjáreigna TM var mjög góð á árinu og sú besta í mörg ár en meðalávöxtun undanfarinna sjö ára er rúm 10%

Hlutabréf í eigu TM vs. vísitölur




- Skráð innlend hlutabréf hækkuðu um 38%. Minna vægi í stærstu félögunum Marel og Icelandair sem og lítil hækkun Haga skýra meðal annars lægri ávöxtun en hlutabréfavísitala Gamma
- Erlend skráð hlutabréf hækkuðu um 2% í ISK en rúm 7% leiðrétt fyrir styrkingu ISK. Til samanburðar lækkaði MSCI World um 2,6% á árinu

Innlend ríkisskuldabréf TM vs. vísitölur



- Afkoma TM af ríkisskuldabréfum var ekki nógu góð á árinu. Stuttur líftími (rúm 4 ár) sem og lítið vægi verðtryggðra bréfa skýrir lægri ávöxtun en samanburðarvísitölur

Skuldabréf önnur en ríkisskuldabréf vs. vísitölur



- Önnur skuldabréf sem falla hér undir eru m.a. eignatryggð skuldabréf, sveitarfélagaskuldabréf og útlán til viðskiptavina.

*Ávöxtun fjáreigna TM miðar við ávöxtun meðalstöðu fjáreigna yfir árið. Ávöxtunartölur eru því ekki að fullu samanburðarhæfar

Efnahagsreikningur samstæðu


Eignir (m.kr.)

	31.12.2015	31.12.2014
Rekstrarfjármunir	430	432
Fjárfestingafasteignir	719	1.011
Viðskiptavild, óefnisl. eignir	240	218
Handbært fé og bundin innlán	2.214	1.288
Verðbréf og fjáreignir	23.313	24.222
Skatteign	35	50
Eignir til sölu	48	68
Endurtryggingaeignir	550	481
Viðskiptakröfur	4.172	3.306
Eignir samtals	**31.721**	**31.078**

Skuldir og eigið fé (m.kr.)


	31.12.2015	31.12.2014
Eigið fé	12.159	13.960
Vátryggingaskuld	15.630	14.847
Víkjandi lán	2.026	0
Aðrar skuldir	1.906	2.271
Eigið fé og skuldir samtals	**31.721**	**31.078**

Eignir – Frekara niðubrot (m.kr.)



Ríkisskuldabréfaeign dróst verulega saman á árinu en önnur skuldabréfaeign jókst


m.kr.



- Hlutabréf og sjóðir dragast saman um 573 m.kr. á milli fjórðunga þrátt fyrir 774 m.kr. jákvæða afkomu á 4F. TM seldi m.a. stöðu sína í N1 á 4F og minnkaði erlenda hlutabréfastöðu sína um rúmar 500 m.kr.
- Útlán til viðskiptavina lækkuðu um 1,4 ma.kr. á 4F og skýrist það af uppgreiðslu Reita á láni frá TM
- Eignatryggð skuldabréf og Önnur skuldabréf og sjóðir aukast um 1,4 ma.kr. á 4F
- Horft yfir allt árið þá dróst ríkisskuldabréfaeign saman um 4 ma.kr. en á móti jókst eign í Öðrum skuldabréfum um 2,6 ma.kr. og Handbært fé jókst um 0,9 ma.kr.

Stærstu fjárfestingaeignir TM


31.12.2015, m.kr.



Áætlun 2016 gerir ráð fyrir 97% samsettu hlutfalli

	F1s 2016 (m.kr.)	**F2s 2016** (m.kr.)	**F3s 2016** (m.kr.)	**F4s 2016** (m.kr.)	**2016s** (m.kr.)	**2015** (m.kr.)
Eigin iðgjöld	3.314	3.427	3.526	3.394	13.662	12.635
Fjármunatekjur	517	772	513	772	2.574	4.061
Aðrar tekjur	11	9	9	8	37	44
Heildartekjur	**3.842**	**4.207**	**4.048**	**4.174**	**16.272**	**16.741**
Eigin tjón*	-2.809	-2.518	-2.457	-2.547	-10.331	-10.318
Annar kostnaður	-942	-928	-834	-842	-3.546	-3.255
Heildargjöld	**-3.750**	**-3.446**	**-3.291**	**-3.389**	**-13.877**	**-13.573**
Hagnaður fyrir tekjuskatt	92	761	757	785	2.395	3.167
Kostnaðarhlutfall	24%	22%	19%	21%	21%	22%
Tjónshlutfall	85%	73%	70%	75%	76%	82%
Samsett hlutfall	**108%**	**96%**	**89%**	**96%**	**97%**	**103%**

Áætluð breyting milli ára (%)



* Ekki er áætlað sérstaklega fyrir stórtjónum


Gjaldþoli félagsins er stýrt innan áhættuvilja TM

m.kr.

Staðan 4F 2015

Lýsing

- Gjaldþolshlutfall innan áhættuvilja TM (eftir arðgreiðslu og endurkaup fram að aðalfundi = 1.800 m.kr.).




Gjaldþolshlutfall 1,56

Stýring gjaldþols

Lýsing

- Miðað er við birta áætlun TM um 2,4 ma.kr. hagnað ársins 2016.
- Hægt að stýra gjaldþoli innan marka áhættuviljans með endurkaupum og arðgreiðslum.



Gjaldþolshlutfall (fyrir arðgreiðslu) 1,64


Áhættuvilji TM Viðbragðsbil

* GÞH: Gjaldþolshlutfall


** Áætlaður hagnaður ársins 2016 þar sem miðað er við sama skatthlutfall og 2015 (10,7%).

Gjaldþoli er stýrt með reglulegum endurkaupum og í samræmi við stöðuna á hverjum tíma

Skýringarmynd



TM hefur greitt 6,6 ma.kr. til hluthafa sinna frá skráningu



- TM hefur greitt um 6,6 ma.kr. til hluthafa frá skráningu
- Með viðbættri arðgreiðslutillögu vegna ársins 2015 verða greiðslur til hluthafa samtals 8,1 ma.kr.

* Markaðsverð TM þann 11.2.2016

** Endurkaup verða að hámarki 1.800 m.kr. á árinu 2016 skv. heimild sem borin verður undir aðalfund 2016



SPURNINGAR

Fyrirvarar

Upplýsingar sem birtast í kynningu þessari eru byggðar á gögnum sem Tryggingamiðstöðin hf. (TM) telur öruggar á þeim tíma sem kynningin fer fram þótt ekki sé unnt að ábyrgjast nákvæmni þeirra né fullkomleika.

Kynning þessi er eign TM, svo og sérhverjar upplýsingar sem koma fram í henni. Kynningu þessa, sem og þær upplýsingar sem hún hefur að geyma, má ekki á neinn hátt afrita, endurgera eða dreifa, hvorki að hluta né öllu leyti.

Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsingar. Henni er ekki að neinu leyti ætlað að fela í sér loforð eða ráðgjöf né heldur með öðru móti að vera grundvöllur fyrir ákvörðunartöku þeirra sem hana fá í hendur.

Margir mismunandi þættir geta valdið því að sú mynd sem kynning þessi gefur af stöðu félagsins og framtíðarhorfum geta breyst verulega svo sem, en ekki eingöngu, vegna almennrar efnahagsþróunar, breytinga í samkeppnisumhverfi, breytinga á fjármálamörkuðum, breytinga á endurtryggingamörkuðum, lagabreytinga og breytinga á réttarframkvæmd. Verði einhver þessara áhættu- eða óvissuþátta, einn eða fleiri, að veruleika eða undirliggjandi framtíðarvæntingar stjórnenda félagsins reynast ekki réttar, getur það leitt til verulegra frávika varðandi fjárhagsstöðu félagsins og árangur í starfsemi þess frá því sem greinir í kynningu þessari.

TM ber ekki skylda til að uppfæra að neinu leyti álit stjórnenda þess um framtíðarhorfur félagsins sem birtast í kynningu þessari eða laga slíkt álit að ríkjandi rekstraraðstæðum hverju sinni nema það sé skylt lögum samkvæmt. TM er heldur ekki skylt að breyta eða leiðrétta villur eða ónákvæmar upplýsingar í kynningunni sem síðar kunna að koma í ljós.

Varað er við því að byggja síðar á þeim framtíðarhorfum sem gefur að líta í kynningu þessari, enda eru þær alfarið byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum þegar kynningin fer fram. Álit um framtíðarhorfur félagsins nú telst engu að síður fullgilt með þeim fyrirvörum sem að framan greinir.

Með því að taka við kynningu þessari viðurkennir og samþykkir viðtakandinn allar takmarkanir og fyrirvara sem að framan greinir.